

Alþingi  
Erindi nr. P 133/587  
komudagur 6.12.2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
b.t. Samgöngunefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

SA/jrp

Rvk. 6.12.2006.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, 397. mál.**

Samgöngunefnd Alþingis hefur fengið til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, þingskjal 441, 397. mál. Frumvarpið fjallar um breytingar á heimildum eftirlitsstofnunar til að ákveða dagsektir og á tekjugrunni eftirlitsstofnunarinnar. SA hafa ekki fengið beiðni um umsögn um frumvarpið frá Samgöngunefnd en hafa fengið afrit af vönduðum umsögnum fjarskiptafyrirtækjanna Vodafone og Símans um frumvarpið ásamt minnisblaði lögfræðiskrifstofunnar LOGOS um efni frumvarpsins.


Samtök atvinnulífsins lýsa undrun sinni á því að fram skuli koma lagafrumvarp á síðustu dögum Alþingis fyrir jólafrí, sem felur í sér jafn umfangsmiklar efnisbreytingar, sem samdar eru án nokkurs samráðs við atvinnulífið og þau fjarskiptafyrirtæki, sem frumvarpið snertir efnislega. Frumvarpið felur í sér verulega hækkun á rekstrargjaldi fjarskiptafélags til Póst- og fjarskiptastofnunar, úr 0,20% af bókfærðri veltu í 0,30%. Allan rökstuðning skortir fyrir þessari skattahækkun, sem skila mun eftirlitsstofnuninni auknum tekjum sem nemur 25 mkr. á ári. Einnig er tekið upp nýtt ákvæði, lögbundin gjaldskrá fyrir tíðninotkun, sem samkvæmt greinargerð með frumvarpinu, er sögð byggja á vandaðri greiningu á kostnaði stofnunarinnar við umsýsluna. Samt er þessi greining ekki lögð fram, eins og vakin er athygli á í umsögn Símans. Til viðbótar við þetta verður samgönguráðherra veitt almenn og opin heimild að setja gjaldskrá fyrir aðra þjónustu s.s. vegna umsýslukostnaðar vegna skráningar fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa, skirteina, mælinga, innsiglanir og skoðun fjarskiptabúnaðar.

Ákvæði frumvarpsins uppfylla ekki að mati SA þær kröfur sem gera verður til efnisreglna um þjónustugjöld eftirlitsstofnana og um skýrleika sektarákvæða skv. stjórnarskrá. Skýringar skortir fyrir ástæðum útvíkkunar á sektarheimildum í 1. gr. frumvarpsins. Verulegar líkur eru á að gjaldtökuheimildir í 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins stangist á við ákvæði Evrópuréttar, sem Íslands er bundið af, eins og rakið er í umsögn frá Vodafone. Öll eftirlitsgjöld verða að byggjast á hlutlægum, gagnsæjum og málefnalegum forsendum. Greiðanda þjónustugjalds verður að vera ljóst fyrir hvað er verið að taka gjald. Frumvarpið uppfyllir ekki þessi skilyrði enda var frumvarpið ekki unnið í neinni samvinnu við fjarskiptafyrirtækin, sem gera verulegar athugasemdir við efni frumvarpsins í ítarlegum umsögnum sínum, sem SA vísar að öðru leyti til í heild sinni.

Samtök atvinnulífsins leggja því alfarið gegn framangreindu frumvarpi vegna þeirra alvarlegu annmarka sem eru á frumvarpinu. Ákvæði frumvarpsins samræmast ekki grunnreglum stjórnarskrárinnar um þjónustugjöld, skattheimtu og refsheimildir. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er viðbúið að fjarskiptafyrirtækin láti reyna á lögmæti einstakra ákvæða. Farsælla er að samgönguráðuneytið vinni að nauðsynlegum breytingum á Póst- og fjarskiptastofnun í samvinnu við fjarskiptafyrirtækin og dragi framangreint lagafrumvarp því til baka.

SA teja að skoða verði sérstaklega umfang núverandi eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar með það að markmiði að fela einkaaðilum aukin verkefni, t.d. prófanir og skoðanir á fjarskiptabúnaði. Meta verður í heild sinni þörfina fyrir núverandi eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar áður en ákveðið er að hækka álagt rekstrargjald á fjarskiptafyrirtæki um tugi milljóna, úr 0,2% í 0,3% af bókfærði veltu.

Virðingarfyllst,

  
Jón R. Pálsson hrl.